

## Gjaldskrá

### vegna skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis

(Fjárhæðir uppfærðar miðað vð BVT í janúar 2025, 194,5 stig)

BVT janúar 2012	112,3
BVT janúar 2025	194,5

#### 1. gr.

##### Meginreglur.

Gjaldskrá þessi tekur til kostnaðar vegna vinnu við útgáfu á framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna leyfisskyldra framkvæmda.

Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á viðkomandi svæði eða skipulagsáætlun þarfust breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

#### 2. gr.

##### Skilgreiningar.

*Afgreiðslugjald:* Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins.

Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður:* Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtningar auglýsinga og annarra umsýslu.

*Breytingakostnaður:* Kostnaður sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

#### 3. gr.

##### Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

	2012	2025
Afgreiðslugjald	9.500	16.454
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr.	130.000	225.156
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	120.000	207.836
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	60.000	103.918

#### 4. gr.

##### Kostnaður vegna deiliskipulags.

4.1 Nýtt deiliskipulag	Samkvæmt reikningi	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.		120.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.		207.836
4.2 Verulegar breytingar á deiliskipulagi		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.		120.000
		207.836
4.3 Óverulegar breytingar á deiliskipulagi		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.		60.000
		103.918

4.4 Vinna samkvæmt reikningi skal byggja á áætlun skipulagstjóra um umfang verkefnisins sem umsóknaraðili samþykkir. Reikningur verður síðan gerður í samræmi við raunverulegan kostnað

en getur ekki verið hærri en fjárhæð samkvæmt samþykktri áætlun.

**5. gr.**

**Grenndarkynning**

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna grenndarkynninga, sbr. 44. gr.	30.000	51.959
--	--------	--------

**6. gr.**

**Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.**

Afgreiðslugjald	9.500	16.454
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum	110.000	190.516
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir	65.000	112.578

**7. gr.**

**Breyting fjárhæða.**

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og skulu breytast 1. janúar hvert ár í samræmi við byggingarvísitölu.

**8. gr.**

**Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi er sett og samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 20. gr. skipulags-laga nr. 123/2010 og skal öðlast gildi 1. janúar 2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. september 2012

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*